

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

Ársreikningur 2021

Landssamband íslenskra verzlunarmanna
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 4210269-0489

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur 2021	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2021	6
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021	7
Skýringar og sundurliðanir	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landssambands íslenzkra verzlunarmanna

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssambands íslenzkra verzlunarmanna ("sambandið") fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sambandið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 20. apríl 2022

KPMG ehf.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Landssambands íslenzkra verzlunarmanna fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarniðurstaða ársins 2021 nam 4,0 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sambandsins 50,4 m.kr, bókfært eigið fé var það sama og er því eiginfjárhlutfall sambandsins 100% í árslok.

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verslunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra. Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur starfar LÍV að starfsmenntun verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

Aðildarfélög og deildir í árslok voru tíu talsins.

Í samræmi við samþykktir 23. og 25. þings sambandsins á árunum 2002 og 2005 sér VR um að reka skrifstofu LÍV og er núgildandi samningur frá 17. nóvember 2015. Samkvæmt samningnum skal árlegur skattur aðildarfélaga til LÍV renna óskiptur til VR til að standa straum af kostnaði við rekstur sambandsins fyrir utan kr. 2.238.436 á árinu 2021, sem lagðar skulu til hliðar og bætast við peningalegar eignir LÍV. Fjárhæðin hækkar/lækkar í takt við innheimtan skatt LÍV hjá aðildarfélögunum.

Það er álit stjórnar sambandsins að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík 20. apríl 2022

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Skattur frá aðildarfélögum		246.297.014	246.329.153
Rekstrargjöld			
Skattur til ASÍ		174.183.023	174.205.753
Skattur til erlendra samtaka		13.660.696	16.410.860
Þjónustsamningur við VR		45.084.314	40.263.571
Laun og launatengd gjöld	4	10.173.342	9.518.776
Annar kostnaður	5	957.203	3.691.464
		244.058.578	244.090.424
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		2.238.436	2.238.729
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur bankareikninga		2.274.342	1.682.292
Fjármagnstekjuskattur		(500.358)	(370.104)
		1.773.984	1.312.188
Rekstrarniðurstaða ársins	6	4.012.420	3.550.917

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12 2021	31.12 2020
Eignir			
Handbært fé		50.430.388	46.417.968
Eignir		<u>50.430.388</u>	<u>46.417.968</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	50.430.388	46.417.968
Eigið fé		<u>50.430.388</u>	<u>46.417.968</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		4.012.420	3.550.917
Hreinar fjármunatekjur	(1.773.984)	(1.312.188)
		<u>2.238.436</u>	<u>2.238.729</u>
Innborgaðir vextir af veltufjármunum		2.274.342	1.682.292
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(500.358)	(370.104)
Handbært fé frá rekstri		<u>4.012.420</u>	<u>3.550.917</u>
Hækkun handbærs fjár		4.012.420	3.550.917
Handbært fé í upphafi árs		<u>46.417.968</u>	<u>42.867.051</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>50.430.388</u></u>	<u><u>46.417.968</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1 Starfsemi

Landsamband íslenzkra verzlunarmanna var stofnað 2. júní 1957. Í því eru 10 verslunarmannafélög og deildir verslunarmanna víðsvegar á landinu með 40.281 fullgilda félagsmenn, skv. skilagreinum frá aðildarfélögum hafði fjölgað um 406 á árinu.

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verslunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur vinnur LÍV að starfsmenntun skrifstofu- og verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landssambands íslenzkra verzlunarmanna fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3 Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Mat og ákvaðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

b. Áhættustjórnun

Almenn stefna sjóðsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur eru einungis vaxtatekjur af bankareikningum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

d. Handbært fé

Handbært fé sjóðsins er óbundnar bankainnistæður.

Skýringar og sundurliðanir

4. Laun og launatengd gjöld

	2021	2020
Laun	8.345.933	7.756.224
Lífeyrissjóður	1.120.590	1.018.757
Önnur launatengd gjöld	706.819	743.795
	<u>10.173.342</u>	<u>9.518.776</u>
Stöðugildi að meðaltali	0,8	0,8

Laun stjórnar námu á árinu 2021 3,9 m.kr., þar af námu laun formanns 3,6 m.kr.

5 Annar kostnaður

	2021	2020
Bifreiðastyrkir og aðkeyptur akstur	71.418	214.653
Ferðakostnaður erlendis	164.441	303.383
Fundir og ráðstefnur	292.315	625.375
Hugbúnaður og kostnaður við vefsíðu	136.708	1.883.883
Auglýsingar og kynningar	81.101	466.944
Endurskoðun	211.220	197.226
	<u>957.203</u>	<u>3.691.464</u>

6. Eigið fé

Breytingar á eign fé á árinu greinaast þannig

	2021	2020
Eigið fé 1.1 2021	46.417.968	42.867.051
Rekstrarniðurstaða ársins	4.012.420	3.550.917
Eigið fé 31.12 2021	<u>50.430.388</u>	<u>46.417.968</u>

7. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2021.

Undirritunarsíða

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Eiður Stefánsson

Hjörtur S Geirmundsson

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Kristín María Björnsdóttir